

## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnafulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um styrkingu við skólabókasöfn í grunnskólum

Á fundi í borgarráði sem haldinn var 1. febrúar 2024 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram svohljóðandi fyrirspurn (MSS24020004), erindinu var vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

*Skólabókasöfn vinna ómetanlegt starf. Mikilvægt er að bókasafn skóla vaxi með börnunum og geti á hverjum tíma rétt hverjum einstaklingi bók og bækur sem henta viðkomandi á hverjum tíma. Hvað er skóla- og frístundasvið að gera til að styrkja skólabókasöfn skólanna í borginni svo þau geti vaxið og dafnað enn frekar?*

Greinargerð fylgdi fyrirspurninni.

**Svar:**

Skóla- og frístundasvið tekur undir að skólasöfnin vinna mikilvægt starf til að hvetja börn til lestrar og styðja við lestraráhuga barna og ungmenna. Skólasafnskennari eða bókasafnsfræðingur sem „vinnur starf sitt af hugsjón, ástríðu og natni“ getur skipt sköpun í að gera skólasafnið og starfið þar aðlaðandi og lestrarhvetjandi. Skólasafnsfræði er hluti af upplýsinga- og tæknimennt sem er eitt af námssviðum aðalnámskrár grunnskóla og í lögum um grunnskóla er fjallað um skólasafnið sem upplýsingamiðstöð eða -ver sem á að vinna að bættri menntun nemenda í nánum tengslum við skólasamfélagið. Í kafla 26 í aðalnámskránni eru sett fram hæfniviðmið og matsviðmið um upplýsingamennt eins og önnur námssvið í aðalnámskránni. Í flestum skólasöfnum í borginni eru starfandi margs konar lesklúbbar og hópar sem styðja við áhuga barna á yndislestri og öðrum bókmenntum. [Vignir Ljósálfur Jónsson](#) er dæmi um skólasafnskennara sem hefur haft frumkvæði í að gera skólasafnið í Laugarnesskóla að ævintýralandi þar sem börn upplifa þá töfra sem lestur góðra bóka býður upp á og verið öðrum hvetjandi fyrirmynd. Hann hefur verið viljugur að deila kennsluhugmyndum og verkefnum til annarra skólasafnskennara sem hafa notið góðs af elju hans og hugmyndaauðgi.


**Könnun til grunnskólastjóra í febrúar 2024.**

Skóla- og frístundasvið sendi könnun til stjórnenda grunnskóla í febrúar 2024 um starfsemi skólasafna. Hér fyrir aftan má sjá nokkur af þeim svörum sem bárust en allir stjórnendur hafa þegar svarað könnuninni.

92% skólastjóra svöruðu því til að í þeirra skóla væri skólasafn. Í þremur skólum eru ekki hefðbundin skólasöfn, í einum skóla er það vegna þess að skólinn með sameiginlega starfsemi

með Borgarbókasafni, í einum skóla voru framkvæmdir vegna myglu og í einum skóla hefur bókakosti verið dreift um skólann. Tæpur helmingur skólasafnanna er með menntaðan bókasafns- eða upplýsingafræðing í starfi á safninu.

Líkt og kemur fram hér á undan er starfsemi skólasafna fjölbreytt. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá nánari greiningu á því hverskonar starfsemi er um að ræða á skólasöfnunum og hvernig aðgengi að þeim er háttað en þessu til viðbótar segir tæplega helmingur stjórnenda að formleg skólasafnakennsla fari fram á þeirra safni.



### Þjónusta SFS við skólasöfn.

Á skrifstofu skóla- og frístundasviðs starfar verkefnastjóri sem veitir skólasöfnum þjónustu og styður við starf skólasafnskennara og annarra starfsmanna á skólasöfnum borgarinnar. Verkefnastjóri skipuleggur og heldur fundi fyrir starfsfólk skólasafna að jafnaði mánaðarlega yfir skólaárið þar sem kynntar eru nýjungar starfi skólasafna og þátttakendur deila þekkingu, reynslu og áhugaverðum verkefnum. Undanfarin tvö ár hefur áhersla og meginþörf verið á kennslu á nýtt bókasafnskerfi þar sem hinir ýmsu þættir eru teknir fyrir s.s. útlán, leitir, tímaritatengingar og fleira. Verkefnastjóri skólasafna á SFS útvegar fræðslu frá starfsmönnum Landskerfis bókasafna sem sérstaklega eru sniðin að þörfum skólasafna í borginni. Þess utan er boðið upp á fræðslufundi um ýmislegt s.s. lestur, heimildavinnu með nemendum og netöryggi. Öðru hvoru eru haldnir fundir þar sem miðlað er hugmyndum um það hvernig hægt er að nýta afskrifaðar og notaðar bækur t.d. til sköpunar og föndurgerðar um jól.

Á fundum með skólasafnskennurum er miðlað verkefnum sem reynst hafa vel í lestrarklúbbum sem og heimildakennslu sem eru hluti af formlegri skólasafnakennslu. Einnig hafa verið ræddar nýjar bækur og hverjar þeirra henta vel á skólasöfnin í grunnskólum borgarinnar. Verkefnastjóri á skrifstofu SFS sér um að skrá í Gegni þær bækur sem skólar kaupa og ekki eru þegar skráðar þar, s.s. bækur fyrir börn og unglinga á erlendum tungumálum og í þeim tilvikum sem skólar kaupa efni fyrir kennara sem ekki er þegar skráði í Gegni. Þessi skráning er nauðsynleg til þess að hægt sé að hægt sé að lána þessar bækur út af skólasöfnunum en eingöngu menntaðir bókasafnsfræðingar hafa heimild til að frumskrá í Gegni. Skólasafnskennarar tengja síðan eign viðkomandi skóla við frumskráða færslu.

## **Kynjuð fjárhags- og starfsáætlun og grunnskólalíkanið Edda.**

Árið 2022 var skipaður starfshópur til að [greina þjónustu þriggja skólasafna í Reykjavík](#) með aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar. Niðurstöður þeirrar greiningar gefa vísbendingar um það öfluga og faglega starf sem fram fer á skólasöfnunum en einnig er bent á það sem betur má fara í því skyni að jafna aðgengi barna að bókakosti og draga úr aðstöðumun skólasafnanna í borginni.

Við tilkomu reiknilíkansins Eddu var 733 milljónum króna bætt í rekstrarramma grunnskólanna til ýmissa efniskaupa, þar með talið bókakaupa. Á rekstrarárinu 2023 var felld út sérstök fjárveiting til kaupa á íslenskum barnabókum um rúmar 6,5 milljónir í hagræðingarskyni.

## **Tillaga um mótun heildarstefnu um skólasöfn.**

Þann 21. mars 2023 lagði borgarfulltrúi vinstri grænna fram eftirfarandi [tillögu í Borgarstjórn](#):

Borgarstjórn samþykkir að mótuð verði heildarstefna um sértækt hlutverk skólasafna í Reykjavík. Víðtækt samráð skal hafa við skólasöfnin, Félag fagfólks á skólabókasöfnum, Upplýsingu – félag bókasafns- og upplýsingafræðinga og aðrar fagstéttir og hlutaðeigandi sem máli kunna að skipta.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar menningar-, íþróttá og tómstundaráðs. Að gefnu tilefni óskar skóla- og frístundasvið Reykjavíkur eftir því að fá aðkomu að mótun slíkrar stefnu ekki síst vegna þess að starfsemi skólasafna heyrir undir starfsemi grunnskóla og öll þjónusta við söfnin er veitt af skrifstofu sviðsins. Þá eru dæmi um að skólasöfn séu rekin sem hluti af almenningsbókasöfnum Borgarbókasafns Reykjavíkur og því mikilvægt að samvinna sé þarna á milli um framtíðarsýn skólasafna